

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Selfljóts.

Arður og gjöld skiptast milli neðangreindra jarða eins og hér segir:

1. Unaós	50	21. Hjartarstaðir I	29
2. Hrafnabjörg	72	22. Hjartarstaðir II	29
3. Þórsnes	60	23. Brennistaðir I	2
4. Sandbrekka	90	24. Brennistaðir II	2
5. Dalir	3	25. Gilsárteigur	78
6. Kóreksstaðagerði	4	26. Ormsstaðir	30
7. Kóreksstaðir	6	27. Eiðar	60
8. Sigtún	10	28. Hleinargarður	68
9. Jórvík	10	29. Ketilsstaðir	36
10. Jórvíkurhjáleiga	16	30. Ártún	19
11. Svínafell	2	31. Hlégarður	6
12. Hjaltastaður I	6	32. Nýbýlisland III	9
13. Hjaltastaður II	6	33. Kvisthagi	9
14. Grænahlíð	16	34. Laufás	6
15. Rauðholt	16	35. Bóndastaðir	24
16. Ánastaðir	2	36. Hrollaugsstaðir	20
17. Hrójótur	2	37. Engilækur	12
18. Hreimsstaðir	56	38. Klúka	20
19. Nýbýlisland V (ytra)	14	39. Gagnstöð	35
20. Nýbýlisland VI (innra)	22	40. Heyskálar	43

Samtals 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, sbr. lög nr. 38/1970, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélagið Uggi í Fellshreppi, Strandasýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélagið Uggi. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Þrúðardalsá, Fells- og Steindalsá, en þær eru Stóra Fjarðarhorn, Undraland, Þrúðardalur, Fell, Miðhús, Steinadalur, Ljufustaðir og Litla Fjarðarhorn.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, sbr. lög nr. 38/1970, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 100% álagi í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.